

Danska – Skólanámskrá 9. bekk

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> • Skilur setningar sem innihalda orðaförða úr daglegu lífi þegar talað er skýrt. • Getur skilið mikilvægustu orðin í viðfangsefninu og nýtir við lausn verkefna. • Skilur aðalatriðin í samtölum. • Getur fylgst með og skilur nokkuð vel þegar fjallað er um atriði eða viðfangsefni sem nemandinn þekkir vel. • Getur fylgst með efni á dönsku á ýmsum mynd-/vefmiðlum og notað upplýsingarnar til að leysa verkefni. • Getur skilið nokkuð vel nákvæm atriði í fyrirmælum/leiðbeiningum til að leysa verkefni. 	
Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið einfalda og skilur nokkuð vel texta með grunnorðaförða úr daglegu lífi t.d. áhugamálum eða kunnuglegum aðstæðum. • Getur lesið og texta af ýmsum miðlum eða tímaritum og skilið aðalatriði hans t.d. með notkun mynda sem tengjast honum. • Getur lesið sér til gagns stuttar sögur eða bækur og sagt aðeins frá þeim. • Getur lesið og fundið afmarkaðar upplýsingar í dönskum texta til að nota í verkefnavinnu. 	
Samskipti	<ul style="list-style-type: none"> • Getur byrjað og lokið samtali á dönsku með algengustu kurteisisvenjum. • Getur tekið þátt í óformlegu samtali á dönsku um efni sem hann þekkir vel. • Getur skipst á upplýsingum við aðra manneskju á dönsku, t.d. á flugvelli, matvörubúð, verslunum, veitingastöðum eða ferðalögum. • Getur tekið viðtal við aðra manneskju á dönsku. • Getur notað algeng orðasambönd í samtali á dönsku. 	

	<ul style="list-style-type: none"> • Getur beitt framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi á dönsku. 	
Frásögn	<ul style="list-style-type: none"> • Getur sagt frá og notað grunnorðaforða sem unnið hefur verið með. • Getur beitt eðlilegum framburði og áherslum á dönsku. • Getur sagt nokkuð vel frá fjölskyldu sinni, áhugamálum eða öðru tengdu daglegu lífi. • Getur sagt frá eða lýst sjálfum sér og talað um reynslu eða áform sín á dönsku. • Getur lýst eða sagt frá reynslu eða upplifun sinni með því að nota t.d. myndir, tónlist, hlut o.s.frv. • Getur flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp texta sem búið er að æfa, einn eða með öðrum. 	
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað frásagnir og notað algeng orð þar sem setningarnar tengjast og mynda nokkuð góða heild. • Getur skrifað samfelldan texta um efni sem tengist daglegu lífi eða honum sjálfum. • Getur stafsett flest orðin rétt og notað helstu greinarmerki eins og punkta og spurningarmerki. • Getur notað tengiorð til að mynda flæði í texta. • Getur skrifað um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. • Getur skrifað texta t.d. með notkun gátlista, mynda/r eða hlutar. • Getur samið og skrifað texta og notað ímyndaraflið. • Getur skrifað stuttan texta út frá fyrirætlunum. 	
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> • Getur sýnt að hann þekkir til og skilur nokkuð vel ýmsa þætti úr daglegu lífi t.d. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum í Danmörku og getur borið saman við sína eigin menningu. • Þekkir nokkuð vel hvar Danmörk er staðsett, hvernig landslagið er og hvaða lönd eiga landamæri að landinu. • Getur nefnt heiti og staðsetningu á nokkrum þekktum stöðum í Danmörku og sagt frá því helsta á hverjum stað. • Getur sýnt þekkingu á sögum eftir danska rithöfunda og söguhetjum þeirra. 	

	<ul style="list-style-type: none"> • Getur sýnt dæmi um 9 orð á dönsku sem eru lík orðum með sömu merkingu á öðru tungumáli. 	
Námshæfni	<ul style="list-style-type: none"> • Getur sett sér nokkuð raunhæf markmið og gerir sér nokkuð skýra grein fyrir stöðu sinni í náminu. • Sýnir vilja til að bæta hæfni sína þar sem þess gerist þörf. • Getur beitt sanngjörnu sjálfsmati á hæfni sína. • Getur valið sér hentugar aðferðir sem eru gagnlegar í náminu. • Getur tengt nýja þekkingu við eldri reynslu og notað til gagns í náminu. • Getur tekið þátt í samvinnu um ýmis viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi. • Getur nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. 	
Námsefni		
Lykilhæfni		